


Séra Sváfnir Sveinbjarnarson



Séra Sváfnir Sveinbjarnarson er fæddur árið 1928 og uppalinn á Breiðabólstað í Fljótshlíð, sonur séra Sveinbjarnar Högnasonar og Þórhildar Þorsteinsdóttur. Sváfnir þjónaði sem prestur á Kálfafellsstað í Suðursveit frá 1952 til 1963, en það ár tók hann við prestskap af föður sínum á Breiðabólstað. Hann varð prófastur í Rangárvallaþrófastsdæmi árið 1973. Hann hlaut lausn frá embættum árið 1998 og býr nú á Hvolsvelli. Sváfnir á margar minningar úr Múlakoti, enda var bærinn í alfaraleið og mikið um að vera þar.

Alveg ævintýri líkast

Ég man töluvert eftir því þegar maður var að koma að Múlakoti á bernskuárum – þetta var svo mikill ævintýrastaður. Þarna voru Guðbjörg A. Þorleifsdóttir og maður hennar Túbál K. M. Magnússon búin að planta trjám af ýmsum tegundum og það var kominn fallegur garður með blómabeðum og litlu gróðurhúsi. Svo voru þau með marglit ljós í garðinum, þau höfðu gert þarna litla rafstöð í bæjarlæknum, og þetta var alveg ævintýri líkast að koma þarna á kvöldin. Þarna var ljósadýrð og gróðurilmur á kvöldin síðsumars og fram á haust. Þetta voru marglitar perur, ævintýrlegt svona fyrir sveitabörnin, hreinn ævintýraheimur. Guðbjörg og fleira af heimilisfólki var þarna að spjalla við gestina og sjá um veitingar, en heimasíðuð borð og bekkir voru á grasflötum á milli trjánna. Ég man eftir að hvernig allt stækkaði, trjágróður og húsakostur. Kom þá veitingastofa inni í miðhúsinu og sölulúga á vesturgafli og fengust þarna fjölbreyttar veitingar.

Rútur, hestar og stöku einkabíll

Samgöngur voru sannarlega öðru vísi á þessum tíma. Á þessum árum var bílaeign mjög takmörkuð, ég tala nú ekki um hér í sveitinni. Fyrst sem ég man eftir þá var ekki enn búið að brúa Markarfljót og þá var eiginlega endastöðin í Múlakoti fyrir fólk sem kom frá Reykjavík í helgarferð. Það kom eiginlega í staðinn fyrir utanlandsferðir núna að fara í skemmtiferðir að Múlakoti.

Það var oft margt fólk þarna og mikið um að vera, og við krakkarnir fórum ríðandi þarna inn eftir. Faðir minn eignaðist bíl árið 1936. Þeir keyptu bílinn í félagi, hann og Helgi Jónasson læknir. Þeir voru þingmenn báðir og notuðu bílinn til að komast í þingstörfin í Reykjavík og mun þetta hafa verið einasti fólkubíllinn sem þá var til í sveitinni. Síðan upp úr stríðinu, þá skildi herinn eftir blæjujeppa sem Íslendingar eignuðust. Guðni Markússon í Kirkjulækjarkoti og synir hans smíðuðu tréhús yfir þessa jeppa í stórum stíl hér um slóðir.

Faðir minn eignaðist einn af þessum jeppum og fékk ég hann stundum lánaðan eftir að ég tók bílpróf og keyrði inn Hlíðina með félögum mínum á kvöldin. Markarfljótinu hafði þá, árið 1946, verið veitt frá Hlíðarbrekkum með fyrirhleðslum við Háamúla og síðan við Þórólfsfell og vegurinn þá fluttur úr Nikubrekkum niður á aurinn. Áfangastaðurinn var þá oftast Múlakot, þar sem enn var margt aðkomufólk að sjá, en einnig líka ungt fólk úr sveitinni að sýna sig og sjá aðra og njóta samvista við jafnaldrana.

Rútuferðir held ég að hafi verið tvo eða þrjú daga í viku frá Reykjavík í Múlakot. Lengst af var það Þorvaldur Markússon eða Valdi gamli, sem var rútabílstjóri. Hann var bróðir Guðna í Kirkjulækjarkoti, sem áður var nefndur. Valdi var áratugum saman í þessum ferðum og var eftirminnilegur og ákveðinn í orðum og gjörðum. Hann hafði einhvern tímunn orðið fyrir því að bílsveifin sló hann þannig að höndin á honum var öll í maski. Það var dálítið áberandi þegar hann var með þessa hendi á stýrinu, en virtist þó ekki há honum við aksturinn.

Ólafur Túbals skar sig úr

Ólafur Túbals tók við búi og hótélrekstri af foreldrum sínum, Guðbjörgu og Túbal, sem áður voru nefnd. Hann hét fullu nafni Ólafur Karl Óskar Túbalsson. Þetta er stórt nafn, þrjú konungsheiti og föðurnafnið Biblíunafn úr 1. Mósebók, þar sem getið er um Túbal-Kain, sem smíðaði úr kopar og járni alls kyns tæki og tól. Frá honum átti sú listgáfa að erfast til allra þeirra sem þess háttar hæfileikum eru búnir. Ólafur var óvenjulega fjölhæfur og listfengur á mörgum sviðum. Hann var ljómandi hagar í höndunum með fleiri verkfærum en penslinum. Athygli vöktu stólarnir, bekkirnir og borðin í garðinum í Múlakoti, sem hann smíðaði að mestu úr birki og reyniviði þar úr garðinum.

Túbal, faðir Ólafs, var farsæll bóndi og studdi einnig Guðbjörgu konu sína í ræktunarstörfum hennar. Hann var sonur Magnúsar bónda og gullsmiðs í Vestmannaeyjum, Eyjólfssonar, og má því láta sér skiljast að gullsmiðurinn hafi verið biblíufróður og elskað iðju sína, af því hvernig hann valdi syni sínum nafn. Þeir Magnús gullsmiður og Þorleifur bóndi í Múlakoti, faðir Guðbjargar, voru bræður – og foreldrar Ólafs því bræðrabörn.

Ólafur hélt ungur til Reykjavíkur, hóf þar vinnu við húsamálun, lærði málaraíðn hjá Einari Jónssyni málara og lauk prófi í þeirri grein við Iðnskólann í Reykjavík tvítugur að aldri. Það sem skipti þó sköpum fyrir Ólaf var efalaust það, að meðal gesta í Múlakoti voru listmálarar, sem dvöldu þar og unnu að list sinni. Það var fyrst og fremst Ásgrímur Jónsson, einn hinn fremsti brautryðjandi íslenskrar myndlistar, sem laust Ólaf með töfrasprota pensilsins – svo að hann fór sjálfur að reyna að fanga ljóma himinsins og litbrigði jarðarinnar á málarastrigann. Ásgrímur dvaldi í Múlakoti og málaði, að minnsta kosti hluta úr tveimur sumrum. Mun það hafa orðið Ólafi hinn fyrsti myndlistarskóli og hann ekki af verri endanum. Varð þetta til þess að Ólafur lagði ótrauður út á listabrautina, fékk inngöngu í Listaháskólann í Kaupmannahöfn og var þar við nám árið 1928 og aftur árið 1932.

„En römm er sú taug, sem rekka dregur föðurtúna til.“ Ólafur kvæntist árið 1925 Láru Eyjólfsdóttur úr Reykjavík og eignuðust þau hjón þrjú börn. Árið 1934 tóku þau hjónin við búi og öðrum rekstri í Múlakoti af foreldrum Ólafs, eins og áður sagði. Gerðist Ólafur þá bóndi, listmálari og gestgjafi í Múlakoti og sinnti þessu öllu jafnhliða, dyggilega studdur af Láru konu sinni til æviloka. Var því í mörg horn að líta – og auk þess fór hann ekki varhluta af ýmsum erfiðleikum og vanheilsu í fjölskyldunni. Hann kom þó miklu í verk, enda vinnudagur hans oft langur og fjölbreyttur. Nafn hans mun lifa í þeirri listsköpun sem hann lét eftir sig.

Heimsóknir í Múlakot voru eftirminnilegar. Á unglingsárum sá maður fremur fátt af aðkomufólki á heimaslóðum í Úthlíðinni, en inn í Múlakoti mátti oft sjá fjölda aðkomufólks sem naut gestrisni og góðra veitinga í „garðinum hennar Guðbjargar“, eins og oft var að orði komist.

Ég kynntist Ólafi vel, einkum eftir að ég var kominn með bítpróf og lenti stundum í að vera einkabílstjóri hjá honum. Helst var það þegar hann var að heimsækja vini og kunningja og var þá með fleyg í vasanum til að hressa þá og bjóða í bíltúr um sveitina. Minnst ég þess að hann hafi boðið föður mínum og séra Sigurði í Holti í bíltúr með sér. Eftirminnilegar umræður, skoðanaskipti og gamanmál einkenndu þessar jeppaferðir þeirra höfðingjanna.

Ólafur var líka framámaður í söngmálum í sveitinni. Hann var í kirkjukórnum og á sönghátíðum stjórnaði hann kórnum með miklum tilþrifum. Það var líka stundum tekið lagið í garðinum í Múlakoti undir hans stjórn. Ólafur var einnig skemmtilegur ræðumaður, lét einatt til sín heyra í afmælisveislum og öðrum mannamótum og gerði mönnum glatt í geði.

Mikið að gera hjá húsfreyju

Það mæddi náttúrulega mikið á Láru húsfreyju í öllum gestaganginum. Að sjá um allan bakstur og veitingar, stjórna þjónustuliði og sinna gestum. Sér til hjálpar hafði hún ungar stúlkur af nágrannabæjum og auk þess hana Nínu gömlu sem lengi hafði þjónað heimilinu. Börn þeirra Ólafs og Láru, þau Reynir, Fjóla og Lilja voru einnig til hjálpar, en systurnar áttu við nokkra vanheilsu að stríða.

Eftirminnileg húskveðja

Nína, sem hét fullu nafni Jónína Böðvarsdóttir, lést í desember 1969. Ég hélt þá húskveðju, eins og þá tíðkaðist, í heimahúsi í Múlakoti þar sem Nína hafði búið og starfað í ríflega sextíu ár. Þetta varð dálítið sérstæð húskveðja með sérstökum hætti. Það var hávetur og hörkufrost, og ekki mikil kynding í húsum. Ég gekk þarna í stofuna þar sem kistan stóð uppi og nokkuð af fólki var þar, svo fremur þröngt varð í stofunni. Tók ég mér stöðu við kistuna og var síðan sungið sálmvers áður en ég hóf að flytja húskveðjuna. Ekki hafði ég talað lengi, þegar skyndilega verður mikil ókyrrð í hópi áheyranda og þegar ég lít upp úr handbókinni sé ég reykjarslæðu upp undir stofuloftinu – og um leið kemur fólk með asa miklum að mér með hendur á lofti. Ég hafði þá ekki tekið eftir litlum rafmagnsöfnunum sem stóð við vegginn að baki mér – og nú hafði kviknað í hempu minni að aftan! Hljóp fólk til að lemja mig að aftan og tókst fljótlega að slökkva í prestinum. Eftir reykræstingu tókst svo að ljúka þessari eftirminnilegu húskveðju – og ég man að ég hugsaði: Ja, nú hefði Nína gamla skemmt sér, væri hún ekki dái!

Þakkir og óskir

Minningarnar frá Múlakoti lifa skýrt í minni og ylja um hjartað. Þó árin líði dvelur hugurinn einatt við gömlu dagana með góðu fólki sem gott er að minnast. Jafnframt ber að þakka og fagna því framtaki í uppbyggingu og umhirðu staðarins, sem núverandi ábúendur standa fyrir svo að Múlakot megi framvegis verða fjölsóttur ferðamannastaður og sveitarprýði.

Sváfnir Sveinbjarnarson